

14. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 21.10.2015 klukkan 12:00.

Mætt voru: Karl Ásberg Steinsson, Jósteynn Hermundsson, Reimar Sigurjónsson, Árni Bragi Njálsson, Aðalbjörn Arnarsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Brú við Gunnlaugsá.

Vegagerðin hefur sótt um framkvæmdarleyfi vegna framkvæmda við Gunnlaugsá. Til stendur að skipta út gamalli steinbrú fyrir rör. Búið er að leita umsagnar

Veiðimálastofnunnar.

Nefndin er jákvæð í garð erindisins og leggur til að sveitarstjórn samþykki umsóknina. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá grunnskólabörnum - Hamstrahjól

Nokkur grunnskólabörn hafa smíðað og vilja fá að setja upp leiktæki sem kallast Hamstrahjól.

Nefndin felur formanni að afla meiri upplýsinga s.s. með stærð, umfang og mögulega staðsetningu.

Samþykkt samhljóða.

3. Öll kurl til grafar – sparkvöllur

Sveitarstjóri kynnti erindi frá Heimili og Skóla um endurnýjun gervigrasvalla vegna dekkjakurlis í þeim .

Nefndin er sammála um að málið verði skoðað þegar kemur að flutningi á núverandi sparkvelli vegna fyrirhugaðrar leikskólabyggingar.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Lögð var fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra. Möguleikar til umhverfishreinsunar í Langanesbyggð ræddir. Nefndin er sammála um að skoða málið með það fyrir augum að marka sér stefnu fyrir næsta vor.

Úrgangsmál í Langanesbyggð rædd í víðum skilningi.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og fundi slitið kl. 12:59